

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Heiðmörk og Sandahlíð.

Tillagan hefur það markmið að fá heildstæðara og markvissara skipulag fyrir svæðið sem verndar-, ræktunar- og útivistarsvæði. Gildi svæðisins sem slíks er styrkt með því að skilgreina skóg-ræktarsvæði fyrir útivistarskóg, afmarka útivistarsvæði þar sem lítil útilífsmiðstöð verður staðsett, afmarka áningarstaði m.a. með nestis- og grillaðstöðu, sýna lagfæringu á Heiðmerkurvegi og á línuveginum og skilgreina bílastæði. Skilgreindir eru göngu-, hjóla- og reiðstígar sem tengja saman mismunandi svæði til að bæta aðgengi almennings og styrkja gildi svæðisins til fjölbreyttrar úti-vistar. Einnig á deiliskipulagið að taka tillit til þeirrar verndunar sem í gildi er á skipulagssvæðinu og tryggja verndun náttúru- og menningarminja.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 19. desember 2017.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2017